

## FUNDARGERÐ

328. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, Fellabæ, þriðjudaginn 10. október 2023 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Vilhjálmur Jónsson (VJ) í fjarfundi, Hildur Þórisdóttir (HP) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), í fjarfundi, Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Ingimar Guðmundsson (IG), KPMG endurskoðun tók þátt í dagskrárlið 1 í gegnum fjarfundabúnað. Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

- 1 8 mánaða staða og áætlun 2024
- 2 Gjaldskrár – endurskoðun
- 3 Vatnveita Borgarfjarðar eystri – gerlamengun
- 4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – staða
- 5 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku
- 6 Heimasíða HEF
- 7 Starfsmannamál
- 8 Mál Páls B. Pálssonar gegn félaginu
- 9 Önnur mál
  - a. Eiðaveita
  - b. Rennslismæling í Fjarðará, Seyðisfirði
  - c. Næsti fundur

### **1 8 mánaða staða og áætlun 2024**

Fyrir liggur 8 mánaða stöðuyfirlit félagsins. Ingimar Guðmundsson, KPMG kynnti. Árshlutareikningur 1.1-31.8 2023 staðfestur af stjórn.

IG þökkuð góð yfirferð og svör. IG yfirgaf fundinn.

Gerð áætlunar er í vinnslu – farið yfir helstu atriði áætlunar;

- Fjárfestingaverkefni, AP fór yfir verkefni ársins.
- Snjallmælar hitaveitu (orkumæling). Hefja þarf undirbúning innleiðingar og horfa til annara veitna sem þegar hafa hafið innleiðingu snjallmæla.

### **2 Gjaldskrár – endurskoðun**

Rætt um gjaldskrár og endurskoðun þeirra. Í vinnslu.

### **3 Vatnveita Borgarfjarðar eystri – gerlamengun**

Í sýnum sem tekin voru í lok september mældist gerlamengun í vatnsveitu Borgarfjarðar eystri.

Niðurstöður sýnatöku heilbrigðiseftirlits lágu fyrir 2. október og var þá þegar brugðist við með því

að tilkynna íbúum að sjóða vatn fyrir neyslu. Starfsmenn HEF og áhaldahúss Múlaþings á Borgarfirði hafa rannsakað upptök mengunarinnar. Tenging var úr sambandi við einn af fimm lindarbrunnunum, en það skýrir ekki vandamálið að öllu leyti þar sem einnig mældist mengun í öðrum brunnum. Fyrir liggur að mengunin er upprunnin í lindarbrunnum veitunnar. Í gær, 9. október var veitukerfið skolað út og sótthreinsað. Sýni hafa verið tekin eftir sótthreinsun, en fyrir liggur að varanleg ráðstöfun, meðan lindabrunnar verða í notkun, verður að setja upp lýsingartæki við miðlunartank veitunnar.

#### **4 Jarðhitaleit á Búlandsnesi – staða**

Borplan er tilbúið, bormenn nú væntanlegir mánuði síðar en síðast var lofað. Nú væntanlegir í lok nóvember. Stjórn leggur áherslu á að verktaki standi við áætlun sína. Framkvæmdastjóri hefur boðað fund með verktaka í fyrramálið.

#### **5 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði – viðræður um yfirtöku**

Fundi sem vera átti í morgun var frestað vegna fyrirséðrar ófærðar og illviðris.

#### **6 Heimasíða HEF**

Tæknistjóri hefur kannað nærtæka valkosti við uppfærslu / endurgerð heimasíðu félagsins. Þreifingar eru yfirstandandi við þjónustuveitanda, verðáætlun liggur fyrir fundinum. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

#### **7 Starfsmannamál**

Nigar Khaligova, viðskiptafræðingur hóf störf 2. október sl., ráðin til 12 mánaða. Hún leysir Emblu Rán af í fæðingarorlofi. Stjórn býður Nigar velkomna til starfa.

#### **8 Mál Páls B. Pálssonar gegn félaginu**

Páll B Pálsson hefur áfrýjað niðurstöðu Héraðsdóms til Landsréttar og í ljósi þess er það ákvörðun stjórnar að gagnáfrýja. Lögmanni félagsins falið að vinna málið áfram.

#### **9 Önnur mál**

##### **a. Eiðaveita**

Framkvæmdir ganga skv. áætlun og stefnir í að afhending á vatni hefjist á árinu 2023.

##### **b. Rennslismæling í Fjarðará, Seyðisfirði**

Málið í vinnslu

##### **c. Næsti fundur**

Næsti fundur verður 17. október 2023 kl. 15:30.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:25

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Undirritun fundargerðar er á næstu síðu.

# Undirritunarsíða

Samþykkt  
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt  
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt  
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt  
Hildur Þórisdóttir

Samþykkt  
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt  
Vilhjálmur Jónsson